

Reglugerð um (22.) breytingu á reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast 14 nýir töluliðir, svohljóðandi:

161. Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/641 frá 17. apríl 2019 um skilmála og skilyrði leyfis fyrir flokki skyldra sæfivara, sem inniheldur 1R-transfenótrín, sem Írland lagði fram í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012, sem vísað er til í tl. 12zzzzzy, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 227/2019, þann 27. september 2019. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 49 frá 22. júlí 2021, bls. 20-21.
162. Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/994 frá 17. júní 2019 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir etófenproxi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8, sem vísað er til í tl. 12zzzzzz, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2019, þann 27. september 2019. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 49 frá 22. júlí 2021, bls. 22-23.
163. Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1030 frá 21. júní 2019 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir indoxakarbi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, sem vísað er til í tl. 12zzzzzza, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2019, þann 27. september 2019. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 49 frá 22. júlí 2021, bls. 24-25.
164. Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1331 frá 5. ágúst 2019 um skilmála og skilyrði leyfis fyrir sæfivöru, sem inniheldur piparmyntuolíu og sítrónellal, sem Bretland lagði fram í samræmi við 1. mgr. 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012, sem vísað er til í tl. 12zzzzzzb, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 295/2019, þann 13. desember 2019. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 49 frá 22. júlí 2021, bls. 28-29.
165. Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1959 frá 26. nóvember 2019 um að samþykkja ekki silfurnatríumvetnissirkonfosfat sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 7, sem vísað er til í tl. 12zzzzzzg, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2020, þann 30. apríl 2020. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 60 frá 16. september 2021, bls. 9-10.
166. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/407 frá 3. nóvember 2020 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 í því skyni að bæta virka efninu sítrónusýru við í I. viðauka við hana, sem vísað er til í tl. 12n, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 204/2021, þann 9. júlí 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57 frá 2. september 2021, bls. 200-202.
167. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1763 frá 25. nóvember 2020 um að samþykkja formaldehyð sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 3, sem vísað er til í tl. 12zzzzzzu, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 288/2021, þann 29. október 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 18. nóvember 2021, bls. 161-164.

8. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/345 frá 25. febrúar 2021 um að samþykkja virkan klór, sem er búinn til úr natríumklóríði með rafgreiningu, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3, 4 og 5, sem vísað er til í tl. 12zzzzzzzv, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 289/2021, þann 29. október 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 18. nóvember 2021, bls. 165-168.
9. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/347 frá 25. febrúar 2021 um að samþykkja virkan klór, sem er leystur úr undirklórsýru, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3, 4 og 5, sem vísað er til í tl. 12zzzzzzzw, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 289/2021, þann 29. október 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 18. nóvember 2021, bls. 169-172.
10. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/348 frá 25. febrúar 2021 um að samþykkja karbendasím sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 7 og 10, sem vísað er til í tl. 12zzzzzzzx, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 289/2021, þann 29. október 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 18. nóvember 2021, bls. 173-177.
11. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/364 frá 26. febrúar 2021 um að samþykkja virkan klór, sem er búinn til úr natríumklóríði með rafgreiningu, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, sem vísað er til í tl. 12zzzzzzzb, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 290/2021, þann 29. október 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 18. nóvember 2021, bls. 178-180.
12. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/365 frá 26. febrúar 2021 um að samþykkja virkan klór, sem er leystur úr undirklórsýru, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, sem vísað er til í tl. 12zzzzzzzc, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 290/2021, þann 29. október 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 18. nóvember 2021, bls. 181-183.
13. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/806 frá 10. mars 2021 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 í því skyni að bæta virka efninu koltvísýringi, sem er búinn til úr própani, bútani eða blöndu úr hvoru tveggja með bruna, við í I. viðauka við hana, sem vísað er til í tl. 12n, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 283/2021, þann 29. október 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 18. nóvember 2021, bls. 128-130.
14. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/807 frá 10. mars 2021 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 í því skyni að bæta virka efninu kalíumsorbati við í I. viðauka við hana, sem vísað er til í tl. 12n, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 283/2021, þann 29. október 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 18. nóvember 2021, bls. 131-134.

2. gr.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á eftirtöldum EES-gerðum:

1. Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/641 frá 17. apríl 2019 um skilmála og skilyrði leyfis fyrir flokki skyldra sæfivara, sem inniheldur 1R-transfenótrín, sem Írland lagði fram í

samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012.

2. Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/994 frá 17. júní 2019 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir etófenproxi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8.
3. Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1030 frá 21. júní 2019 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir indoxakarbi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18.
4. Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1331 frá 5. ágúst 2019 um skilmála og skilyrði leyfis fyrir sæfivöru, sem inniheldur piparmyntuolíu og sítrónellal, sem Bretland lagði fram í samræmi við 1. mgr. 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012.
5. Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1959 frá 26. nóvember 2019 um að samþykkja ekki silfurnatríumvetnissirkonfosfat sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 7.
6. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/407 frá 3. nóvember 2020 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 í því skyni að bæta virka efninu sítrónusýru við í I. viðauka við hana.
7. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1763 frá 25. nóvember 2020 um að samþykkja formaldehyð sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 3.
8. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/345 frá 25. febrúar 2021 um að samþykkja virkan klór, sem er búinn til úr natríumklóríði með rafgreiningu, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3, 4 og 5.
9. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/347 frá 25. febrúar 2021 um að samþykkja virkan klór, sem er leystur úr undirklórsýru, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3, 4 og 5.
10. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/348 frá 25. febrúar 2021 um að samþykkja karbendasím sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 7 og 10.
11. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/364 frá 26. febrúar 2021 um að samþykkja virkan klór, sem er búinn til úr natríumklóríði með rafgreiningu, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 1.
12. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/365 frá 26. febrúar 2021 um að samþykkja virkan klór, sem er leystur úr undirklórsýru, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 1.
13. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/806 frá 10. mars 2021 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 í því skyni að bæta virka efninu koltvísýringi, sem er búð til úr própani, bútani eða blöndu úr hvoru tveggja með bruna, við í I. viðauka við hana.
14. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/807 frá 10. mars 2021 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 í því skyni að bæta virka efninu kalíumsorbati við í I. viðauka við hana.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. tölul. 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 15. nóvember 2021.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.